

Lög Nemendafélags Menntaskóla Borgarfjarðar

I. Almenn ákvæði

1.1 Félagið heitir Nemendafélag Menntaskóla Borgarfjarðar. Nafn félagsins er skammstafað NMB.

1.2 Heimili þess og varnarþing er í Borgarnesi, Borgarbyggð.

1.3 Markmið félagsins er að gæta hagsmuna nemenda og stuðla að góðu, fjölbreyttu og heilbrigðu félagslífi.

1.4 NMB skal stuðla að jafnrétti og virðingu innan félagsins.

1.5 Brot á reglum NMB er brot á reglum MB og brot á reglum MB er brot á reglum NMB.

II. Félagsmenn

2.1 Félagsmenn NMB eru allir skráðir nemendur í MB sem greiða tilskilin félagsgjöld. Öllum nemendum MB er heimill aðgangur að starfsemi NMB, að því tilskyldu að þeir greiði félagsgjöld og gangi að því að virða lög og reglur MB og NMB.

III. Félagsgjöld

3.1 Félagsgjald skal ákveðið hverja önn af stjórn NMB í samráði við skólanefnd. Tilkynnt verður um félagsgjöld á aðalfundi.

3.2 Félagsgjöld NMB skulu innheimt á sama hátt og önnur skólagjöld.

3.3 Félagsgjöldum NMB skal eingöngu varið til félagsstarfsemi undir merkjum skólans.

3.4 Félagsmenn NMB sem greitt hafa félagsgjöld skulu greiða lægra gjald en utanfélagsmenn inn á viðburði þá sem NMB stendur fyrir.

3.5 Til staðfestingar þess að félagsgjaldið hafi verið greitt skal afhent sérstakt nemendafélagsskirteini.

IV. Aðalfundur

4.1 Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal haldinn á vorönn ár hvert. Aðalfundur er aðeins lögættur ef til hans er boðað með viku fyrirvara. Á fundarboði til aðalfundar skal gerð grein fyrir dagskrá fundarins.

4.2 Þessi mál skulu tekin fyrir á aðalfundi:

1. Kosning fundastjóra og fundarritara.
2. Formaður stjórnar NMB gerir grein fyrir störfum félagsins.
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins og svarar fyrirspurnum um þá.
4. Stjórnir starfandi klúbba gera grein fyrir starfi vetrarins.
5. Umræður um árskýrslu.
6. Lagabreytingar.
7. Önnur mál.

4.3 Lögum félagsins skal aðeins breytt á aðalfundi félagsins. Á fundarboði skal þess getið sérstaklega að tillaga til lagabreytinga verði til meðferðar og skal efni hennar lýst. Því þarf

tillagan að hafa borist áður en fundarboð er gefið út. Breytingartillögur við tillögur til lagabreytinga má bera upp á aðalfundi án þess að þær hafi borist áður. Nái tillaga til lagabreytinga samþykki meirihluta fundarmanna öðlast hún gildi.

4.4 Hægt er að setja bráðabirgðalög í gildi á neyðarfundi og gilda þau að næsta aðalfundi. Stjórn NMB og skólastjórn þurfa að samþykkja löginn einróma.

4.5 Nýkjörin stjórn á vorönn skal starfa í samstarfi við sitjandi stjórn að þeim viðburðum sem að eru eftir á skólaárinu. Nýkjörin stjórn skal svo taka opinberlega við á aðalfundi eftir kosningar.

V. Kosningar

5.1 Kosningarétt hafa allir félagsmenn í NMB.

5.2 Þeir nemendur sem að stunda hefðbundið dagnám við MB og hafa lokið grunnskólaprófi og eru einnig fullgildir félagar NMB hafa rétt á því að bjóða sig fram í embætti innan félagsins.

5.3.1 Í kosningum á haustönn er hægt að bjóða sig fram í eftirfarandi stöður: Formaður, Gjaldkeri, Skemmtanastjóri og Ritari NMB, Formaður og Markaðsstjóri leikfélagsins, og í fjórar stöður innan ritnefndar Eglu, sem ákvarðar stöður innan ritnefndar.

5.3.2 Í kosningum á vorönn eru kosnir nýnemafulltrúar til að starfa í stjórn NMB og í ritstjórn Eglu. Auk þess er kosið í viðburðarnefnd, tækninefnd, stjórn getspekifélagsins og eftirstandandi stöður í stjórn leikfélagsins og skólablaðsins.

5.4 Í kosningum skulu frambjóðendur bjóða sig fram í hvert einstakt embætti. Ekki skulu vera listakosningar. Sami einstaklingur má hvorki gegna né bjóða sig fram til fleiri en einnar stöðu í senn innan NMB.

5.5 Kosningastjórar skulu vera tveir auk félagsmálafulltrúa. Kosningastjórar sjá um undirbúning kosninga, framkvæmd þeirra og talningu atkvæða ásamt félagsmálafulltrúa. Kosningarstjórar skulu vera valdir af stjórn NMB í samráði við skólastjórnendur. Félagsmálafulltrúi skal hafa kosningastjóra og veita aðstoð ef upp koma álitamál.

5.6 Kosningastjórar skulu ekki vera í framboði og gæta hlutleysis í hvívetna. Þeir skulu sjá um að kosningabarátta fari fram samkvæmt þessum reglum og til þeirra skal leita með dagleg ágreiningsmál.

5.7 Framboð skulu hafa borist fyrir auglýstan tíma. Kosningarstjórar staðfesta að framboð séu lögleg. Framboð telst löglegt ef framboði hefur verið skilað innan auglýsts tíma.

5.8 Ekki má framlengja framboðsfrest, nema sú staða komi upp að enginn bjóði sig fram í neina stöðu. Ef ekki fæst framboð í allar stöður skal nýkjörin stjórn boða til kosninga í laus embætti. Ef frambjóðandi er einn í framboði þarf hann 2/3 greiddra atkvæða til að hljóta kosningu.

5.9 Sá frambjóðandi sem flest atkvæði hlýtur í viðkomandi embætti telst réttkjörinn.

5.10 Allir frambjóðendur verða að halda framboðsræðu á framboðsfundi. Tími og staðsetning framboðsfundar skal ákveðinn af kosningastjórum. Á framboðsfundinum skal hver og einn frambjóðandi að minnsta kosti kynna nafn sitt og í hvaða embætti hann býður sig fram.

5.11 Fundarstjóri hefur vald til að gefa orðið laust í lok framboðsfundar, ef aðstæður leyfa.

5.12 Kosningastjórnarskipa fundarstjóra.

5.13 Frambjóðendur og eða stuðningsmenn þeirra mega auglýsa í skólanum, þó ekki fyrr en nöfn allra frambjóðenda hafa verið birt af kosningastjórum.

5.14 Hverjum frambjóðanda er heimilt að hengja upp auglýsingar innan skólans, sem þó særi ekki siðferðisvitund nemenda eða þar sé um persónuárásir að ræða.

5.15 Auglýsingar á veggjum skólans skulu vera farnar niður að morgni kjördags og er hverjum frambjóðanda skylt að taka niður sínar eigin auglýsingar. Áróður á kjörstað er ekki leyfður og skulu kosningastjórar sjá um að því sé framfylgt.

5.16 Sé einstaklingur staðinn að því að valda spjöllum á auglýsingum frambjóðanda, missir sá hinn sami atkvæðisrétt sinn í kosningum þeim sem á eftir fylgja.

5.17 Kosningastjórar ásamt skólameistara / kennara taka afstöðu í öllum álitamálum. Frestur til kæru vegna kosninga er ein vika eftir kosningadag.

5.18 Kjörseðlar skulu verða geymdir í viku þar til kærufrestur rennur út og öll álitamál leyst.

5.19 Ef meðlimur stjórnar NMB getur ekki sinnt störfum af einhverjum ástæðum eða hættir í skólanum getur stjórn NMB skipað í viðkomandi embætti til bráðabirgða til næstu kosninga.

5.20 Ef að embættismaður segir af sér skal stjórn NMB halda kosningar í viðkomandi eigi síðar en einum mánuði eftir brottfall.

5.21 Ef atkvæði falla jöfn í kosningum skal kosið aftur á milli þeirra frambjóðenda sem jafnt var á milli. Ef aftur er jafnt skal varpa hlutkesti á hvor frambjóðandi hlýtur stöðuna.

VI. Stjórnskipan

6.1 Stjórnarmeðlimir í stjórn, stjórn klúbba, ráða eða nefnda skulu alltaf vera nemendur við MB.

6.2 Stjórn NMB

6.2.1 Stjórn NMB er skipuð formanni, ritara, gjaldkera, skemmtanastjóra og nýnemafulltrúa.

6.2.2 Stjórn NMB hefur yfirumsjón með framkvæmdum og rekstri nemendafélagsins.

6.2.3 Stjórn NMB hefur ákvörðunar- og framkvæmdavald í öllum almennum málum NMB. Formenn klúbba/nefnda/ráða skulu þó njóta trausts og sjálfstæðis, fari þeir að reglum.

6.2.4 Stjórn NMB hefur yfirumsjón með starfsemi allra nefnda, ráða, félaga og klúbba er heyra undir NMB og hefur rétt til að sitja fundi þeirra og hafa tillögurétt og málfrelsi en ekki atkvæðisrétt.

6.2.5 Ef atkvæði falla jöfn innan stjórnar við afgreiðslu einhvers almenns máls, skal formaður hafa oddaatkvæði.

6.2.6 Ef atkvæði falla jöfn innan stjórnar við afgreiðslu einhvers máls sem varðar fjárútlát, skal gjaldkeri hafa oddaatkvæði.

6.2.7 Stjórn skal sjá til þess að stofnaðar verði nefndir, ráð, klúbbar og félög til að fullnægja þörfum nemenda og skulu þær starfa samkvæmt lögum NMB og öðrum reglum sem stjórn setur.

6.2.8 Stjórn getur einnig boðað til þings ef ráðið telur þörf á. Einnig er stjórn skylt að boða til þings ef fjórðungur félagsmanna æskja þess.

6.2.9 Stjórn NMB ásamt félagsmálafulltrúa sjá um að halda utan um öll tæki nemendafélagsins

6.2.9 Formaður NMB skal koma fram sem fulltrúi félaga í NMB gagnvart yfirvöldum skólans og aðilum utan hans. Hann skal leitast við að efla einingu félagsmanna NMB og stuðla að öflugu og fjölbreyttu félagslífi. Einnig skal hann koma fram sem fulltrúi funda og sjá um stjórn þeirra, en má þó skipa fundarstjóra úr hópi fundarmanna í sinn stað. Formaður er jafnframt fulltrúi nemenda í skólanefnd og hefur rétt til setu á fundum hennar. Þar skal hann koma á framfæri málefnum þeim sem nemendum eru hugleikin er varða samskipti við stjórn skólans. Ef nemandi/nemendur leita til formanns með mál sem fara skal með á skólanefndarfund skal hann gæta þagnarskyldu sé þess óskað. Formaður skal undirrita alla samninga á vegum NMB og skulu þeir samningar standa einir gagnvart NMB. Formaður skal gegna starfi gjaldkera í fjarveru hans.

6.2.10 Ritari er ábyrgðarmaður alls útgefins efnis á vegum NMB að undanskildu skólablaðinu Eglu, þar hefur ritari tillögu- og athugasemdarétt. Ritari skal sjá um ritun fundargerða allra funda og þinga á vegum NMB nema annað sé ákveðið. Ritari skal einnig halda utan um markaðsmál félagsins, auglýsinga- og styrktaraflanir, ásamt samfélagsmiðlum. Hann skal sjá til þess að viðburðir og fundir á vegum nemendafélagsins séu auglýstir með góðum fyrirvara með helstu upplýsingum. Ritari hefur yfirumsjón með útgáfu félagsskirteina. Ritari skal sjá til þess að þremur eintökum af öllu útgefnu efni félagsins sé haldið til haga á skrifstofu NMB. Ritari skal gegna starfi formanns í fjarveru hans.

6.2.11 Gjaldkeri hefur yfirumsjón með öllum fjármálum og reikningum nemendafélagsins. Gjaldkeri annast fjárveitingar úr sjóði NMB með samþykki stjórnar NMB. Gjaldkeri skal hafa góða yfirsýn yfir fjárhagslega stöðu félagsins. Hann skal gera yfirlit og fara yfir helstu innkomur og útgjöld á aðalfundi félagsins að vori. Gjaldkeri skal vera lögráða þegar hann tekur við embætti sínu, undantekningar má þó gera á því ef aðstæður eru þannig að enginn

lögráða einstaklingur býður sig fram. Þá skal gjaldkerinn gera samning við skólastjórnendur og vinna með þeim allt skólaárið.

6.2.12 Skemmtanastjóri skal sjá um allt utanumhaldi í tengslum við nemendaviðburði, sjá um miðasölu/skráningu og annað skipulag fyrir hvern viðburð. Skemmtanastjóri er formaður skemmtinefndar og ber ábyrgð á henni, ásamt því að vera tengiliður myndbands- og skreytingarnefndar í tengslum við árshátíð skólans ár hvert.

6.3 Stjórn NMB skal starfa í góðu samráði við félagsmálafulltrúa sem er einnig tengiliður NMB við skólastjórnendur.

6.4 Í lok skólaárs skal vera haldið jafningjarmat á stjórn nemendafélagsins þar sem hver og einn metur sig og aðra stjórnarmeðlimi fyrir unnin störf á árinu.

VII. Þing

7.1 Ef upp koma mál sem þarfnast umræðu og hugsanlega setningu neyðarlaga eða breytingar á högum og umhverfi nemenda skal boðað til þings. Stjórn NMB getur boðað til þings.

Boðað skal til þings ef 25% nemenda æskja þess. Stjórn NMB skal taka beiðni um þinghald fyrir á næsta stjórnarfundum og þingið skal halda eigi síðar en hálfum mánuði frá því að beiðni liggur fyrir. Beiðni um þing skal berast stjórn NMB í formi undirskriftalista. Þing skal fjalla um hagsmunamál nemenda, starfsemi félagsins, svo og önnur mikilvæg mál sem upp kunna að koma. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslum á þingi.

7.2 Þing telst löglegt ef til þess er boðað með þriggja kennsludaga fyrirvara. Á fundarboði skal dagskrá þess kynnt.

7.3 Formaður NMB boðar til þings og stjórnar þeim. Honum er þó heimilt að skipa fundarstjóra í sinn stað.

7.4 Ritari skal sjá um ritun fundargerða.

7.5 Kennarar og aðrir starfsmenn skólans hafa málfrelsi og tillögurétt á þingi en ekki atkvæðisrétt.

7.6 Þing hefur ekki ályktanavald nema 25% félagsmanna sitji fundinn. Þjóða má til framhaldspings með sambærilegum hætti og til framhaldsaðalfundar.

VIII. Klúbbar og félög

8.1 Klúbbar

8.1.1 Áhugahópum innan skólans skal leyft að starfa innan vébanda NMB í formi klúbbs eða nefndar.

8.1.2 Í stjórn hvers klúbbs/nefndar eru tveir-fimm aðilar. Auglýsa þarf eftir sjálfboðaliðum í stjórnarstöður og ef sex eða fleiri bjóða sig fram skal boða til kosninga.

8.1.3 Stjórn klúbbanna/félaganna getur sótt um fjárstyrk til stjórnar með því að leggja fram fjárhagsáætlun og gera grein fyrir útgjöldum.

8.2 Stjórn NMB skal sjá til þess að kosningar séu haldnar í stjórnnum leikfélagsins og getspekifélagsins auk annarra klúbba sem eru starfandi. Auk þess skal stjórn sjá til þess að starfsemin sé kynnt.

8.3 Leikfélag NMB

8.3.1 Leikfélag NMB er hluti af nemendafélaginu, og skal því alltaf haldið til haga. Nýtt nafn leikfélagsins er Kopar.

8.3.2 Leikfélagið skal sjá um uppsetningu leiksýningu(m) á skólaárinu.

8.3.3 Stjórn leikfélagsins er skipuð tveimur aðilum, formanni og markaðsstjóra. Þó má bæta við meðstjórnendum ef þörf er, en ekki fleiri en tveimur.

8.3.4 Ef þörf er á fleiri stjórnarmeðlimum en formanni og markaðsstjóra má halda kosningar um stöður meðstjórnenda á haustönn.

8.3.5 Stjórn leikfélagsins starfa í samráði við stjórn NMB.

8.3.6 Formaður Leiklistarfélagsins er sjálfkjörinn framkvæmdastjóri leiksýningarinnar.

8.3.7 Stjórn leikfélagsins skal í samráði við félagi þess, stjórn NMB og félagsmálafulltrúa sjá um val á leikstjóra og leikverki.

8.3.8 Stjórn leikfélagsins skal skila kostnaðaráætlun til stjórna NMB, fjármálastjóra MB og fá hana samþykkt áður en gengið er frá samningum við leikstjóra og aðrar fjárhagslegar skuldbindingar gerðar.

8.3.9 Leikfélagið skal vera reiðubúið til að standa fyrir uppákomum t.d. á árhátíð á vorönn.

8.3.10 Nemendur MB eiga að njóta forgangs í leikfélagi skólans. Þar með talið í leikritinu þegar skipa á í hlutverk þannig að nemendur MB fái aðalhlutverkin. Ef skráning í leikfélagið gengur svo illa að starfsemi þess getur ekki gengið almennilega má leita annað t.d. í efstu bekki grunnskólans.

8.4 Getspekifélag NMB

8.4.1 Getspekifélag NMB skal sjá um að senda lið í spurningakeppni framhaldsskólanna; Gettu Betur, en hún fer fram í byrjun vorannar.

8.4.2 Í stjórn getspekifélagsins skulu vera þrír aðilar sem kosnir eru að hausti til.

8.4.3 Undirbúningur fyrir Gettu Betur skal hefja á haustönn.

8.4.4 Leitast skal eftir því að ráða þjálfara til að þjálfa keppnislið. Kynjahlutföll skulu fylgja reglum Gettu Betur.

8.4.5 Keppnisliðið er skipað þremur aðalmönnum og einum varamanni.

8.4.6 Sé áhugi það mikill að fleiri hafi áhuga á að taka þátt enn rými sé fyrir í keppnisliðinu skal halda keppni um miðja haustönn.

8.4.7 Stjórn getspekifélagsins skal starfa í góðu samráði við stjórn NMB, sérstaklega varðandi fjárhagslegar skuldbindingar.

8.5 Gjaldkeri NMB skal sjá um að fjárstyrkjum til klúbba og félaga sé beitt á viðunandi hátt í samstarfi við stjórn NMB.

8.6 Klúbbar og félög skulu kynna starfsemi sína á haustönn og taka á móti nýliðum í starfseminum.

8.7 Þegar auglýst er eftir nemendum í félög skólans skal það gert opinberlega svo allir nemendur NMB hafi möguleika á að taka þátt í starfseminni. Það skal að minnsta kosti gert í tölvupósti og með auglýsingum innan skólans.

IX. Nefndir og ráð

9.1 Stjórn NMB skal sjá til þess að kosið sé í eftirfarandi nefndir og ráð að hausti til.

9.2 Hver nefnd er með einn úr stjórninni sem tengilið sem er boðaður á fund til að ræða málefni sem þarf samþykki frá stjórn NMB.

9.2 Viðburðarnefnd NMB

9.2.1 Viðburðarnefnd er skipuð tveimur einstaklingum, að frátöldum skemmtanastjóra sem er sjálfskipaður formaður nefndarinnar.

9.2.2 Viðburðarnefnd starfar ætíð í nánu samstarfi við stjórn NMB og skal stuðla að margskonar skemmtunum. Hún aðstoðar með skipulagningu á dansleikjum, opnum húsum og öðrum viðburðum auk þess sem hún kemur að undirbúningi fyrir árs hátíð.

9.4 Ritnefnd NMB

9.4.1.1 Ritnefnd NMB er skipuð fimm einstaklingum, ritstjóra, aðstoðarritstjóra, markaðsstjóra og greinastjóra ásamt nýnemafulltrúa.

9.4.1.2 Ritnefnd er heimilt að taka til sín fleiri einstaklinga til hjálpar við útgáfu félagsins, svo sem ljósmyndara og hönnuði, í samráði við stjórn NMB.

9.4.1 Ritnefnd NMB skal sjá um bladaútgáfu nemendafélagsins.

9.4.2.1 Skólablaðið Egla skal koma út á vorönn ár hvert ef það er prentað og skal það sem mál gagn nemenda vera tvíþætt: Það skal flytja alls konar efni nemendum til fróðleiks og skemmtunar. Það skal einnig segja frá helstu viðburðum skólalífsins nemendum til glöggvunar.

9.4.2.2 Ritnefnd ræður efnisvali, eintakafjölda og stærð í samráði við stjórn NMB.

9.4.3 Ritnefnd er heimilt að gefa út annað minna efni á milli þess sem Egla kemur út í samráði við stjórn NMB.

9.4.4 Ritstjóri er ábyrgðarmaður nefndarinnar og útgefins efnis. Hann skal sjá til þess að allt útgefið efni sé prófarkarlesið og félaginu til sóma. Einnig skal hann sjá til þess að ritara NMB sé afhent 3 eintök af öllu útgefnu efni til varðveislu á skrifstofu NMB.

9.5 Tækninefnd NMB

9.5.1 Tækninefnd skipar 4 einstaklinga, atkvæðahæsti einstaklingurinn skipar stöðu formanns.

9.5.2.1 Tækninefndin sér um ýmis tæknimál innan NMB og mögulega skólans, vinna vel í samstarfi með stjórn og nefndum skólans.

9.5.2.2 Helstu verkefni tækninefndar eru auglýsingar og myndbönd tengd NMB, ásamt tæknimálum á viðburðum og leikriti.

9.6.1 Stjórn NMB getur skipað í aðrar nefndir til að sjá um ákveðna þætti í félagslífinu. Slíkt mun alltaf þurfa að miðast við áhuga nemenda og þær hefðir sem eiga eftir að skapast. Henni er einnig heimilt að auglýsa eftir sjálfboðaliðum til undirbúnings og framkvæmda á viðburðum á vegum nemendafélagsins.

9.6.2 Auglýsa þarf eftir sjálfboðaliðum og ef eftirspurn er meiri en þörf er talin vera á er boðað til kosninga.

X. Vantraust

11.1 Lýsi meirihluti embættismanna NMB skriflegu vantrausti á embættismann NMB skal málið tekið fyrir á þingi innan tveggja vikna. Þar skulu forgöngumenn tillögunnar rökstyðja

hana og viðkomandi embættismanni gefinn kostur á að verja sig. Til að vantraust nái fram að ganga þarf a.m.k. samþykki fullgilds þings.

XI. Verðlaunaafhending

12.1 Stjórn NMB getur veitt nemendum viðurkenningu fyrir vel unnin störf í þágu félagslífsins og skal afhending verðlauna fara fram á árshátíðardeginum eða við brautskráningu nemenda.

XII. Ýmis ákvæði

13.1 Allir félagsmenn NMB vinna sjálfboðavinnu að málefnum félagsins. Þó skal stjórn fá frítt inn á alla viðburði sem NMB stendur fyrir, árið sem þeir eru í stjórn.

13.2 Ef hafa þarf afskipti af nemanda á viðburði á vegum NMB sökum ósæmilegrar hegðunar gæti sá hinn sami átt það á hættu að sæta viðurlögum. Viðurlög við broti/brotum eru ákveðin af skólastjórn MB.

XIII. Lög NMB

14.1 Til breytinga á lögum þessum þarf meirihluta greiddra atkvæða á löglegum aðalfundi.

14.2 Stjórn NMB skal sjá um að lögum félagsins sé framfylgt í samráði við skólastjórn.

Nemendur geta sjálfir fylgst með löghlýðni samnemenda sinna og stjórna og borið fram kæru til skólastjórnar.

14.3 Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa verið samþykkt á löglegum aðalfundi og jafnframt falla önnur lög NMB úr gildi.

14.4 Lögin skulu varðveitt í tveimur samhljóða eintökum. Annað skal geymt á skrifstofu NMB, nemendum til halds og trausts og til að hafa við höndina þegar upp koma deilumál innan félagsins sem þarfnast úrskurðar. Hitt eintakið skal varðveitt á skrifstofu skólameistara. Lögin skulu vera aðgengileg öllum á heimasíðu félagsins. Varðveisla laganna er á ábyrgð ritara og skal hann færa allar breytingar inn jafn skjótt og þær eru gerðar. Komi upp ágreiningur túlkar stjórn lögin. Lög þessi skulu vera til undirrituð af formanni NMB og skólameistara til vottunar um að dagsetning á gildistöku laganna sé rétt. Lög þessi taka gildi nú þegar að undangengu samþykki félagsfundar NMB. Við það falla öll fyrri lög og viðbætur við þau úr gildi.

Þessi lög voru staðfest þann 13. Maí 2024

Undirskrift skólameistara



Undirskrift formanns NMB



